

# Jafnlaunastefna Múlakaffi ehf.

Eigandi: Framkvæmdastjóri

Umsjón: Mannauðsstjóri

Útgáfa: 2.0

Höfundur: ÞA

Gildisdagur: 1.12.2024

## Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefna Múlakaffi ehf. er ætlað til að tryggja jafnrétti og jafna stöðu allra kynja innan fyrirtækisins. Markmiðið er að enginn kynbundinn mismunur eigi sér stað og við ákvörðun launa skal gæta þess að kynjum sé ekki mismunað. Allir skulu njóta jafna kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf sem og hvers konar frekar þóknanna. Öll kyn skulu njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt sem og hver önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár.

Til þess að framfylgja stefnunni mun Múlakaffi ehf. framkvæma launagreiningu árlega, þar sem borin eru saman jafnverðmæt og sambærileg störf. Jafnlaunamarkmið skulu endurskoðuð út frá niðurstöðum launagreiningar. Jafnlaunastefnan felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur og bera stjórnendur ábyrgð á innleiðingu, viðhaldi og þeim frávikum sem koma fram við rýni á jafnlaunakerfinu. Stjórnendur skulu einnig skuldbinda sig til að viðhalda stöðugum umbótum, eftirliti og bregðast við óútskýrðum launamun.

Niðurstöður árlegra launagreininga skal kynna starfsfólki. Niðurstöður hafa verið kynntar með því að fara á hvern starfsstað fyrir sig og kynna niðurstöðu launagreiningar.

Framkvæmdastjóri skal setja fram jafnlaunamarkmið, láta framkvæma innri úttekt og rýna jafnlaunakerfið og árangur þess árlega. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að jafnlaunastefnu sé framfylgt.

Jafnlaunastefnan er unnin í samræmi við þau og lög og reglugerðir sem fjalla um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði, Lög um kynrænt sjálfstæði ásamt reglugerðum sem beinast að mismunun á vinnumarkaði. Stjórnendur er vakandi fyrir breytingum í lagaumhverfinu sem gæti bætt stefnumótun.

Jafnlaunastefna þessi skal kynna starfsmönnum hafa aðgengilega bæði á innri og ytri vef fyrirtækisins.

Markmið, aðgerðir, ábyrgð og tímarammi vegna launajafnréttis			
MARKMIÐ	AÐGERÐ	ÁBYRGÐ	TÍMARAMMI
Allt starfsfólk fær greidd sömu laun og nýtur sömu kjara fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf óháð kyni.	Ef fram kemur launamismunur sem ekki er hægt að skýra með öðru en kynferði verður hann leiðréttur. Vottun verður viðhaldið með reglulegri úttekt.	Mannauðsstjóri.	Innra eftirlit verður framkvæmt árlega sem og regluleg úttekt fagvottunaraðila.
Unnið skal að því að hlutfall kynja í stjórnendastörfum sé sem jafnast.	Ef stjórnunarstarf losnar skal gæta þess að öll kyn hafi jafnan aðgang að ráðningu.	Mannauðsstjóri	Þegar stjórnendastörf losna.

Undurritað